

Mánudaginn 3. júlí 1989.

Nr. 259/2989. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurjóni Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur hinn 27. júní 1989 samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, kært til Hæstaréttar gæsluvarðhaldsúrskurð sakadóms Reykjavíkur sama dag „í því skyni, að tímalengd hans verði styttn verulega“.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í greinargerð sinni skýrir ríkissaksóknari meðal annars svo frá:

„Í forsendum hins kærða úrskurðar er fullyrt, að kærandinn sé eiturfjaskjúklingur. Fullyrðing þessi er ekki studd neinum læknisfræðilegum gögnum. Hins vegar er bókað eftir kærandanum, að hann hafi ekkert unnið á þessu ári, aðeins verið í bílabraski og stundað sölu á kannabisefnum. Hann kvaðst hafa neytt eiturfjaskjúklinga á þessum tíma, aðallega amfetamíns, kókains og kannabisefna, og fjármagnað neysluna með sölu kannabisefna.“

Eigi er fram komið, að varnaraðili sé sjúklingur í skilningi 4. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að gæsluvarðhaldið standi allt til þriðjudagsins 8. ágúst næstkomandi kl. 17.00.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Sigurjón Pétursson, sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 8. ágúst 1989 kl. 17.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. júní 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 27. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að framlengt verði með úrskurði gæsluvarðhald það, sem kærða, Sigurjóni Péturssyni, atvinnulausum, með lögheimili að Engjaseli 72 hér í borg, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 12. júní sl., sem rennur út í dag kl. 17.00, allt til þriðjudagsins 19. september nk. kl. 17.00 vegna grunar um brot kærða á 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Málavextir.

RLR hefur nú undanfarið rannsakað tilraun til innbrots í verslunina Hólmkjör í Stykkishólmi og innbrot í Kaupfélag Hvammsfjarðar, Búðardal, aðfaranótt 12. júní sl. Í því innbroti hurfu peningar, ávisanir, greiðslukortanótur og aðrir viðskiptapappírar, að andvirði 600.000,00 kr.

Kærði hefur viðurkennt að hafa brotist inn í Kaupfélag Hvammsfjarðar ásamt Jóni Helga og Daniel Péturssyni.

Þá hefur kærði viðurkennt að hafa notað greiðslukort Erlings E. Jónasonar í byrjun mars sl. og tekið út vörur fyrir tæpar 15.000,00 kr.

Kærði hefur enn fremur viðurkennt að hafa borið út leðurjakka úr Miðstræti 8 A 6. mars sl., en í jakkanum var visakort ásamt öku- og nafnskírteini, en þessu var skilað, án þess að kortið væri notað.

Þá hefur kærði viðurkennt að hafa í félagi við bróður sinn, Daniel Pétursson, brotist inn í húsakynni Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í marsmánuði og stolið þar ýmsum verðmætum, m.a. saumavél, bakarofni, tveimur símtækjum, ljósritunarvél, litasjónvarpstæki auk ýmissa smáhluta.

Þá hefur kærði viðurkennt að hafa framvísað tékka, að fjárhæð 84.000,00 kr., í Sparisjóði vélstjóra 25. apríl sl., en tékkinn var upphaflega að fjárhæð 4.000,00 kr., út gefinn af Félagsmálastofnun Kópavogs, en áður hafði Matthildur Eiðsdóttir breytt fjárhæð hans.

Að endingu hefur kærði viðurkennt að hafa falsað og framvísað tékka, að fjárhæð 6.000,00 kr., á Landsbanka Íslands, Breiðhóltsútibú, 6. apríl sl., en tékkann hafi hann fengið hjá Matthildi Eiðsdóttur.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr., 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði kærða, dagsettu í dag, hefur kærði níu sinnum orðið uppvís að brotum gegn almennum hegningarlögum og einu sinni verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi í borgarrétti Kaupmannahafnar. Þá hefur kærði þrisvar verið dæmdur fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalögum í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum.

Síðast var kærði dæmdur í sakadómi Reykjavíkur 22. desember sl. vegna brota gegn 244. gr. almennra hegningarlaga í tveggja ára fangelsi, en í þeim dómi var 540 daga reynslulausn dæmd með.

Kærði hefur áfrýjað dóminum til Hæstaréttar Íslands.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur ekki lokið rannsókn á máli nr. 2415/89, þ.e. innbroti í Kaupfélag Hvammsfjarðar í Búðardal og tilraun til innbrots í Hólmkjör í Stykkishólmi.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, er veruleg hætt á, að kærði haldi áfram afbrotum, meðan málum hans er enn ólokið, og spilli sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi. Kærði er eiturlyfjasjúklingur, sem hefur ekki stundað atvinnu um langa hrið, en fjármagnað eigin fíkniefna-neyslu með sölu og dreifingu fíkniefna. Þá er kærði heimilislaus.

Þykir rétt, þegar framanritað er virt, að taka kröfu RLR um framlengingu gæsluvarðhalds til greina á grundvelli 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til þriðjudagsins 19. september nk. kl. 17.00.

Ú r s k u r ð a r o ð:

Kærði, Sigurjón Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til þriðjudagsins 19. september nk. kl. 17.00.
